

70
2. júní

Auglýsing

um staðfesting stjórnarráðsins á lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkauptún.

Samkvæmt lögum nr. 36, 2. nóvember 1914, um lögreglusamþykkt fyrir Hvanneyrarhrepp, er hjermeð staðfest eftirrituð lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkauptún, sem samið hefir hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps.

Lögreglusamþykkt

fyrir Siglufjarðarkauptún.

I. kafli.

Um reglu og velsæmi á götum.

1. gr.

Uppbot eða mannsöfnuður, sem raskar reglu eða tálmar umferð á götum eða gangstjettum, má ekki eiga sjer stað.

Pegar fjölmenni safnast saman á götum eða almannafæri, svo og við kirkjudyr og annara húsa, þar sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sjer eftir fyrirmælum lögregluvaldsins til að varðveita góða reglu.

2. gr.

Á alfaravegi eða á almannafæri má eigi fljúgast á, æpa, blistra eða hafa annan hávaða, eða ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar þá, sem um fara eða nálægt búa.

3. gr.

Enginn má að þarflausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða yfir höfuð hafast neitt það að, sem ónáðar íbúendur húsa.

4. gr.

Á götum eða yfir götur eða svæði, sem almenningur fer um, má eigi skjóta með byssum eða öðrum skotvopnum, ekki kveikja í púðri, skoteldum eða nokkurskonar öðrum sprengiefnum og ekki kasta steinum, glerbrotum, snjóköggum, torfi, óhreinindum, vatni eða neinu öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum fyrir þá, er um slíka staði fara.

Ennfremur er bannað að renna sjer á sleðum, skautum eða skíðum eða 70
iðka nokkra leiki á götum eða gangstjettum, þar sem það tálmar umferð eða 2. júní
veldur öðrum óþægindum.

5. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri eða í búningi, er misbýður
velsæmi eða raskar allsherjarreglu.

Einnig er bannað að sýna af sjer hneykslanlega hegðun á almannafæri,
svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða
gjöra þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

6. gr.

Þá menn, sem eru ósjálfbjarga sökum drykkjuskapar á götu eða á al-
mannafæri, má setja í varðhald, þangað til þeir koma til sjálfs sín aftur. Þá
menn, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða á almannafæri með ljótum
söng, hrópum eða illyrðum, eða sýna af sjer óskunda með höggum og barsmið,
má setja í varðhald, ef þeir ekki skipast þegar í stað við munnlega áminningu
lögregluvaldsins, og skulu þeir ennfremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir
þá röskun á reglu og friði, er þeir kunna að hafa valdið með drykkjuskap sín-
um og ólátum.

7. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur eða fjörur kaup-
staðarlóðarinnar, eða svo nálægt landi að hneyksli geti valdið, eigi heldur nálægt
skipum, sem á höfninni liggja, ef það getur hneykslað nokkurn.

8. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja rjett til
nafns síns og heimilis þegar lögregluvaldið krefst þess.

9. gr.

Lögregluvaldið getur krafð sjer til aðstoðar sjerhvern fulltíða karlmann,
sem nálægt er, til að afstýra óspektum og annari óreglu á almannafæri eða hefta
þá, er slíku valda, og varðar það sektum samkvæmt samþykkt þessari, ef slíkri
áskorun er ekki sint.

Akvarðanir, sem lúta að því að gjöra alla umferð greiða og afstýra farartálma eða hættu við umferðina.

10. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum kaupsinsins (sbr. reglur um meðferð rafmagnstækja í Siglufjarðarkaupúni).

11. gr.

Án leyfis lögreglustjórans má enginn setjast að á götu eða almannafæri til að selja vöru eða reka aðra atvinnu; og sje slíkt leyfi veitt, þá aðeins á þeim stað og um þann tíma, sem tiltekið er í leyfinu.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda eða lóðareiganda má enginn láta fyrirberast á umgirtum svæðum eða upp við hús eða við inngang í hús eða garða.

12. gr.

Á götum, gangstjettum eða annarsstaðar á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það, sem tálmar umferðinni, hvort heldur eru vörur eða annað. Þó mega þeir, sem flytja að sjer vörur, eldivið, hey eða annað, og eigi geta lagt það frá sjer á eigin lóð, leggja þessa hluti frá sjer á götu eða gangstjett meðan á flutningnum stendur, en ávalt skulu þeir lagðir svo, að þeir gjöri sem minstan farartálma og teknir sem fyrst burtu aftur.

Vagnar, hjólbörur eða sleðar mega ekki standa á götum eða gangstjettum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá og tæma.

Eftir gangstjettum má ekki fara með vagna, hjólbörur, sleða nje önnur aktól, nema barnavagna.

13. gr.

Á götum, gangstjettum eða annarsstaðar á almannafæri má ekki vinna neina vinnu, sem tálmar umferð manna eða gjörir hana hættulega, t. a. m. höggva við eða mylja grjót, járna hesta eða þvíumlíkt. Eigi heldur hrista gólf-teppi, viðra sængurföt eða hengja fót eða þvotta til þerris eða þesskonar.

14. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um að tilhlýðilegt eftirlit sje haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, meðan þau eru á götunum eða á almannafæri.

15. gr.

Þeir, sem ríða eða aka um göturnar, skulu viðhafa tilhlýðilega aðgæslu, og er stranglega bannað að fara hart fyrir götuhorn eða út úr garðshliðum eða

portum. Hvergi þar sem umferð er mikil, má ríða eða aka harðara en á brokki, og skulu þeir sem ríða eða aka, ef þörf gjörist, í tækan tíma gjöra aðvart mönnum, sem á undan þeim ganga. 70
2. júní

Mætist menn á götu eða almannafæri, hvort sem þeir eru gangandi, ríðandi eða akandi, þá skulu þeir ávalt vikja til vinstri handar.

16. gr.

Hjólreiðamenn skulu fara hægt og gætilega um götur kaupsins, þar sem umferð er mikil. Skulu þeir ávalt hafa klukkur á hjólum sínum og gæta þess að hringja í tæka tíð til aðvörunar. Þeir skulu og skyldir að hafa luktir á hjólunum og tendra þær undir eins og fer að skyggja.

17. gr.

Bannað er að reka hesta ógætilega um götur kaupsins. Fælnir eða slægir hestar mega ekki ganga lausir.

Það er á ábyrgð sauðfjáreigenda að sauðfjenaður þeirra geri engan usla eða óskunda í kaupsinu, hvorki skemmi fisk eða fari inn á umgirt svæði eða í garða kaupsbúa.

Hið sama gildir um geitfje.

Auk sekta fyrir þetta, sem renna í hreppsþjóð, varða brot gegn þessu skaðabótum fyrir ágang og skemdir.

Nautgripir mega ekki ganga lausir á götum kaupsins, nema þegar þeir eru reknir í haga og úr.

18. gr.

Þeir kaupsbúar, sem eiga sauðfje eða hafa það undir hendi, skulu skyldir að annast samanrekstur á því vor og haust og gjöra gangnaskil að haustinu eftir fyrirmælum hreppsnefndar eða fjallskilastjóra.

19. gr.

Naut, sem farið er með um kaupsnið, skulu ávalt leidd í bandi nægilega sterku og löngu og að minsta kosti 2 fullorðnir karlmenn fylgja hverju nauti. Ekki mega naut standa úti gæslulaus.

20. gr.

Hunda þá, sem grimmir eru, eða hafa þann vana að áreita menn og hræða með glefsi, urri og galti, ber eigendum að binda eða mýla forsvaranlega. Sama gildir um hunda, sem raska svefnfriði manna á næturþeli með galti eða spangóli.

70

2. júní

21. gr.

Enginn má siga hundi á mann nje láta farast fyrir að aftra hundi sínum, þegar hann verður var við að hann ræðst á menn. Hver, sem brýtur á móti þessu, sæti sektum, þótt ekkert tjón hafi hlotist af háttalagi hans.

22. gr.

Flækingshunda — en þar til teljast allir hundar, sem ekki eru eign eða á vegum kaupþúsbúa — getur lögreglustjóri látið handsama og auglýsa, og ef eigandinn gefur sig ekki fram innan þriggja sólarhringa og greiðir áfallinn kostnað, má drepa slíka hunda.

23. gr.

Þegar hús eru bygð að nýju eða eldri hús rifin og bygð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu eða gangstjett, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið er byrjað, og haga sjer eftir þeim fyrir-mælum, sem hann setur, til að afstýra farartálma eða hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má eigi leggja frá sjer á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og skal það eigi látið liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, verkefnisleyfar og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu, þegar húsagjörðinni er svo langt komið að því verði viðkomið.

24. gr.

Nú er hús eða hluti úr húsi orðið svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji eða falli niður, eða það er þannig byggt, að hætt er við að járn fjúki af þaki eða veggjum, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og boðið eiganda eða umráðamanni hússins að gjöra þær umbætur á því, að eigi geti valdið hættu fyrir vegfarendur. Auk þess getur lögreglustjóri gjört aðrar ráðstafanir í þessa átt, á kostnað hlutadeiganda. Sama gildir og þegar grjótgörðum, skiðgörðum eða annari girðingu liggur við falli.

25. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúningur, sem notaður er við húsasmiðar og aðrar smiðar, viðgjörðir á húsum og húsarof, skal vera nægilega traustur, og þeir sem nota hann skulu vera duglegir og áreiðanlegir menn. Heimilt skal lögreglustjóra að gjöra ráðstafanir hjer að lútandi.

Brot gegn ákvæðum þessum er á ábyrgð þess, sem verkið annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns hússins.

26. gr.

Öll áhöld, sem notuð eru til þess að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru úr húsum, sem liggja á almannafæri, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem þau nota, skulu vera áreiðanlegir menn.

27. gr.

Hvergi mega menn kasta seglfestugrjóti í fjörur kaupsins eða láta það liggja þar, nje aðra slíka hluti, til tálmunar skipum, bátum eða fyrirdráttum.

28. gr.

Sildarnætur má aldrei breiða til þerris yfir götur kaupsins, gangstjettir eða annarsstaðar þar sem umferð er mikil. Timbur má ekki liggja laust á lóð kaupsins, eða þakjárn eða slíkar vörur, þannig, að þær geti fokið á hús eða götur.

III. kafli.

Um friðun eigna almennings og einstakra manna.

29. gr.

Mannvirki og hluti, hverju nafni sam nefnast, er ætlaðir eru til almennt afnota eða til þrýðis á almannafæri, svo sem kirkju, skóla, kirkjugarð, minnisvarða, götuljósaker, brunahana, vatnsleiðsluþró, nafnspjöld og töluspjöld á götum og húsum, trje, blómsturgarða, girðingar og annað þessháttar, má enginn skemma, ekki heldur ata eða saurga, ekki rita, rispa, tjarga, mála eða teikna á þá.

30. gr.

Hreppsnefndin ákveður nafn á götum, eftir tillögum byggingarnefndar og lætur festa upp nafnspjöld á götuhorn og töluspjöld á húsin til að tákna húsröðina. Kostnaðurinn við spjöld þessi greiðist úr hreppssjóði.

31. gr.

Hreppsnefndin ákveður hvar skuli festa upp opinberar auglýsingar, og skal á kostnað hreppsjóðs útvega spjöld í því skyni, eins mörg og þarf.

Auglýsingar um sjónleiki, samsöngva, sýningar og aðrar skemtánir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem vill með samþykki húsráðanda.

Aðrar auglýsingar má ekki festa upp, nema með leyfi hlutaðeigandi húsráðanda og lögreglustjóra, nema þær snerti húsið sjálft eða íbúa þess.

32. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu teknar niður þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum.

Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, saurga þær eða gjöra þær ólæsilegar á neinn hátt.

IV. kafli.

Um reglu og velsæmi á veitingastöðum og um almennar skemtanir.

33. gr.

Hverjum þeim, sem hefir um hönd veitingasölu, hverskonar sem er, er skylt að gjöra það, sem í hans valdi stendur til að afstýra því að neitt það fari fram í veitingahúsi hans, sem er á móti góðri reglu og velsæmi eða gildandi lögum.

34. gr.

Á almennum veitingastað og öðrum almennum samkomustöðum má enginn sýna af sér ofsalegt atferli eða hávaða, nje nokkra ósæmilega hegðun.

35. gr.

Veitingahúsum öllum skal lokað kl. 11 á kvöldin, og allir gestir, sem ekki hafa þar næturstað, skulu vera farnir út, ekki seinna en kl. 11¹/₂.

Samt skal fjelögum, sem lögreglustjóri þekkir, heimilt að halda samkvæmi og dansleiki eða aðrar skemtanir á veitingahúsum, sem eigi sjeu bundnar við áður nefndan tíma, ef eigi taka aðrir þátt í því en fjelagsmenn og gestir þeirra.

Ennfremur mega brúðkaup og önnur samsæti eða dansleikir tiltekkinna manna standa fram yfir hinn tiltekna tíma. Verslunarbúðum öllum skal lokað eigi síðar en kl. 11 á kvöldin.

36. gr.

Enginn má halda opinbera sjónleiki eða hlutaveltu án leyfis lögreglustjóra, og skal hann fyrir leyfið greiða 2 til 30 kr., er renna í hreppssjóð. Þeir, sem fá þetta leyfi, skulu vera skyldir að hlíta þeim ákvörðunum, er lögreglustjóri setur um löggæslu og til að afstýra brunahættu, og greiða þann kostnað, sem af því leiðir.

37. gr.

Enginn má halda opinbera dansleiki, myndasýningar eða aðrar opinberar skemtisamkomur, nema með leyfi lögreglustjóra, og greiði í hvert sinn gjald í hreppssjóð, 2 til 30 krónur, eftir ákvæðum hans.

38. gr.

Enginn má halda opinbera samsöngva nema með leyfi lögreglustjóra, og greiði gjald í hreppssjóð 2 til 30 kr., nema sungið sje í góðgjörðaskyni eða aðgangur sje ókeypis. Skylt skal og, ef þess er krafist, að sýna lögreglustjóra fyrirfram þá texta, er syngja skal.

39. gr.

70

2. júní

Þegar opinberar skemtanir, hverskonar sem eru, eða leikir eru haldnir að kvöldi dags og fram á nótt í húsum, sem enginn býr í, skulu þeir, sem standa fyrir slíku, láta tvo menn aðgæta öll eldfæri í húsinu, og skulu þeir fullvissa sig um, að eigi geti eldhætta af neinu stafað.

40. gr.

Eins og það er vitaskuld, að húseigendur eða húsráðendur geta bannað, að sá, sem leyfi hefir fengið til þess að halda skemtanir samkvæmt 36., 37. og 38. gr. noti leyfið á þeirra lóð, svo er og sjerhverjum, er sjúkur er eða sjúkling hefir á heimili sínu, heimilt að fá bannað að almennar skemtanir, sem háreysti er að, sjeu hafðar svo nærri húsi hans, að hætta geti af því hlotist.

V. kafli.

Um alment hreinlæti og þrífnað.

41. gr.

Heilbrigðisnefndin hefir eftirlit með öllu því, sem lýtur að almennum þrífnaði í kaптúninu eftir þeim ákvæðum, sem þarum eru sett í heilbrigðissamþykkt kaптúnsins.

42. gr.

Skepnur má ekki slátra á eða við götur bæjarins eða á almannafæri, heldur skal það gert bak við hús, innan grinda eða á lokuðu svæði þar sem aðrar skepnur geta ekki sjeð blóðvöllinn. Bannað er að láta hunda koma á blóðvöllinn þegar slátrað er.

43. gr.

Lifrabræðslu, síldarbræðslu eða spikbræðslu má ekki setja á stofn á lóð kaптúnsins, nema þar sem heilbrigðisnefndin til vísar.

Atvinna þessi, svo og síldarverkun öll, skal standa undir sjerstakri tilsjón heilbrigðisnefndarinnar, og eru þeir, sem þessa atvinnu reka, skyldugir til að hlýða þeim fyrirskipunum lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar, sem lúta að því, að allur þrífnaður sje viðhafður og allri hættu afstýrt.

44. gr.

Stampa, opnar tunnur eða fót með lifur, grút eða áburði, má alls eigi hafa á almannafæri eða við götur kaптúnsins, nje heldur neitt það annað, sem ódaun leggur af eða er til óþrífnaðar.

70

2. júní

45. gr.

Polla, sýki eða tjarnir á leigðum lóðum kaupsinsins og sem óhollusta getur stafað af, skulu lóðarleigjendur skyldir að fylla upp og þurka, eftir því sem efnahagur og aðrar kringumstæður leyfa og eftir nánari ákvæðum heilbrigðisnefndar.

46. gr.

Hver sá, er ekur grút, blóðvatni, sildarleyfum, mykju eða öðrum áburði um götur kaupsinsins, skal skyldur til að hafa góð ilát og aka varlega, svo að sem allra minst, helst ekkert, fari niður á göturnar, og hreinsa skal hann vandlega, strax og akstri er lokið, alt það, sem niður kann að hafa farið.

47. gr.

Ekkert hús eða herbergi má vera svo hlaðið fólki, sumar nje vetur, að heilbrigði þess sje hættu búin að álitu heilbrigðisnefndar.

VI. kafli.

Um eftirlit, sem lýtur að því, að fyrirbyggja brunahættu og eldsvoða.

48. gr.

Hreppsnefndin kys mann til þriggja ára í senn og annan til vara til jafnlangs tíma, til þess að hafa umsjón með vatnsleiðslu kaupsinsins og slökkviáhöldum, svo og til að stýra slöngunum við slökkvitilraunir, þá er eldsvoða ber að höndum. Einnig skal hann eða annar maður, sem hreppsnefndin kys til þess, einu sinni á ári rannsaka alla ofna og eldavjelar, reykháfa og pípur í kaupsinu, hvort það sje alt í góðu og tryggu ástandi. Leiði skoðunargerðin það í ljós, að einhverju sje ábótavant, skal hann heimta að það sje lagfært, annaðhvort þegar í stað eða innan ákveðins tíma, og skal hann síðan rannsaka, hvort skipun þessari hafi verið fylgt.

49. gr.

Umsjónarmaður sá og skoðunarmaður, sem hjer er nefndar, fær þóknun fyrir starfa sinn árlega eftir samkomulagi við hreppsnefndina, og greiðist hún úr hreppssjóði.

50. gr.

Kaupsinsbúar skulu skyldir að lagfæra, annaðhvort þegar í stað eða innan ákveðins tíma það, sem skoðunarmaður eldstæða og reykháfa í kaupsinu telur ábótavant.

51. gr.

70
2. júní

Hreppsnefndin kýs tvo menn af kaupsbúum til þriggja ára í senn til þess, ásamt lögreglustjóra og slöngustjóra kaupsbúans, að halda lögreglu uppi, þegar eldsvoða ber að höndum og skipa fyrir um allar slökkvitilraunir og björgun.

52. gr.

Þá er eldsvoða ber að höndum, skulu allir verkfærir karlmenn skyldir til að láta þá aðstoð í tje, sem unt er, til að slökkva eldinn. Einnig skulu menn skyldir að hlýða fyrirskipunum lögreglustjóra og þeirra manna annara, sem kosnir eru af hreppsnefnd til að halda lögreglu uppi við eldsvoða og skipa fyrir um allar slökkvitilraunir og björgun.

53. gr.

Þá er sótari hefir verið skipaður í kaupsbúinu, annast hann hreinsanir reykháfa og skorsteina eftir þeim reglum, er honum verða settar. Eru kaupsbúar síðan skyldir að nota hann svo oft sem nauðsyn krefur og eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Hreinsunargjöldin má taka lögtaki. Sótara skal veita þóknun úr hreppssjóði eftir því sem nákvæmar verður tiltekið í erindisbræfi hans.

VII. kafli.

Um gildi samþykktarinnar, kostnaðargreiðslu, sektir o. fl.

54. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir alla verslunarlóð Siglufjarðarkaupstads, eins og hún er ákveðin af stjórnarráði Íslands í bræfi 19. maí 1911.

55. gr.

Brot gegn samþykkt þessari verða sektum allt að 100 krónum. Drengir 10 til 15 ára og stúlkur 10 til 12 ára, skulu sæta vandarhöggum, þó ekki fleiri en 15, ef þau gera sig sek í brotum á samþykkt þessari, eða gera eitthvað, sem ber vott um einstaka ónáttúru, — eða sæta einföldu fangelsi allt að 8 dögum.

Ef kenna má yfirsjón, sem barn drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem ganga barninu í foreldra stað, skal refsa þeim fyrir yfirsjónina en ekki barninu.

56. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið gera það. Kostnaður við þetta, og yfirleitt kostnaður sá, sem leiðir af þeim ráð-

70 stöfunum, er lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er 2. júní í samþyktninni, greiðist af þeim sem brýtur, og má taka þann kostnað lögtaki samkv. lögum 16. des. 1885. Ef hlutaðeigandi reynist ekki fær um það við lögtakið að borga kostnaðinn, greiðist hann úr hreppssjóði.

57. gr.

Kostnaður sá, sem að öðru leyti leiðir af framkvæmd á þessari samþyktni, og ekki verður krafinn af einstökum mönnum, greiðist úr hreppssjóði.

58. gr.

Mál, sem rísa útaf brotum á samþyktni þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál, og skulu allar sektir fyrir brot á henni renna í hreppssjóð.

59. gr.

Samþyktni þessi skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna og auk þess prentuð sjerstaklega á kostnað hreppsins til útbýtingar meðal allra húsráðenda í kaupúninu.

60. gr.

Breytingar á samþyktni þessari og viðaukar við hana skal gera á sama hátt og samþyktna sjálfa.

61. gr.

Samþyktni þessi öðlast gildi 1. júlí 1915.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 2. júní 1915.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Eggert Briem.